

23
20. júní

L Ö G

um

sjerstakar dómþinghár í nokkrum hreppum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Mosvalla- og Flateyrarhreppar í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Háls- og Flat-
eyjarhreppar í Suður-Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og
skulu þingstaðirnir vera að Þórustöðum, Flateyri, Skógum og Brettingsstöðum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.